



1179. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. nóvember 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1178. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1178. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál, staðan á kjaraviðræðum

Ragnar Þór sagði að fundað hefði verið með SA á mánudag og ákveðið hafi verið að við göngum saman til samningaviðræðna með Landssambandinu (LÍV). Þá var ákveðið að vera með vikulega fundi, á þriðjudögum milli kl. 10 - 12, með samninganefndunum.

Einn fundur hefur verið haldinn með stjórnvöldum og ákveðið var að setja upp sérstakan viðræðuhóp SA, ASÍ og stjórnvalda þar sem frá okkur kæmu Drífa, Kristján Þórður, Vilhjálmur og Ragnar Þór. Næsti fundur þeirra mun fjalla um húsnæðis- og skattamál. Þá verða settir upp vinnuhópar gagnvart hinum fjölmörgu bókunum og öðru slíku.

Fundur var í dag í stjórn Landssambandsins (LÍV) þar sem m.a. Guðbrandur flutti skýrslu um erlent samstarf. Þema næsta LÍV þings var ákveðið: „Tækninýjungar og það sem er framundan í verslun“. Þá ræddu þau um nýlokið ASÍ þing.

Vel gengur með vinnu um sameiningu VS og VR og ætti það að klárast fyrir jól að aflokinni allsherjaratkvæðagreiðslu hjá VS.

Enn er verið að ræða um formlegra samstarf okkar og SGS. Fundur verður á mánudag.

Umræður.

3. Staða Sjúkrasjóðs VR

Stefán lagði fram skjölin „Sjúkrasjóður – Nóvember 2018“ og „Fjöldi daga á



sjúkrasjóði – greining“ og fór yfir efni þeirra á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að staðan nú er erfið og enn er mikil aukning á greiðslum sjúkradagpeninga. Samkvæmt greiningum eru það ekki aðeins greiðslur vegna geðsjúkdóma sem eru að aukast heldur líka annarra sjúkdóma.

Þá fór hann yfir frávik frá áætlun og nú í október var frávik orðið uppá 58 milljónir króna en greiðslur eru í heild orðnar uppá rúmlega 1,4 milljarð króna en áætlun gerði ráð fyrir 1,1 milljarði á þessum tíma þannig að aukningin er uppá 41%.

Umræður.

Stefán hélt áfram og sagði frá þróun hlutfalls sjúkradagpeninga af iðgjöldum sem hefur stigið mjög ört og samkvæmt spá verður það orðið 89,2% af iðgjöldum í lok árs. Þetta þýðir að í raun er ekkert svigrúm eftir til að greiða úr sjóðnum í VR varasjóð á þessu ári. Þá hefur orðið gríðarleg aukning í fjölda þeirra sem fullnýtir sér níu mánaða rétt sinn í sjóðnum.

Þessi alvarlega staða hefur verið rædd mikið í framkvæmdastjórn sjóðsins og það sem helst hefur verið skoðað til viðbragðs er a) að stytta bótatímabil, b) að setja þak á greiðslur, c) að minnka greiðslur í VR varasjóð og d) að semja um hækkun iðgjalda í sjóðinn.

Helst er litið til þess að stytta bótatímamann og sýndi Stefán hvaða áhrif það hefði að stytta tímabil úr níu mánuðum í átta, sjö eða sex mánuði og þá einnig hver áhrif væru af því að setja þak á greiðslur.

Dóra, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR tók nú til máls og sagði frá umfjöllun framkvæmdastjórnar um þennan vanda. Það hafi verið ljóst frá því á síðasta ári að eitthvað þyrfti að gera til að bregðast við en nú sé það orðið mjög aðkallandi.

Varðandi þann möguleika að setja þak þá yrði það ekki aðeins óvinsælt heldur skilar það mjög litlu samkvæmt útreikningum því það eru einfaldlega ekki svo margir á mjög háum launum sem eru að nýta sjóðinn.

Þá hafi það sjónarmið komið upp að það að sækja hækkun iðgjalds gæti komið niður á öðrum kröfum okkar í kjaraviðræðum auk þess sem það skilaði sér seint.

Rætt var að stytta greiðslutímabil í 6 mánuði en að síðan væri heimild til þess að fjölga mánuðum í allt að 9 mánuði ef brýn þörf væri á. Slíkt yrði skoðað með trúnaðarlækni í hverju tilviki. Niðurstaða framkvæmdastjórnar var sú að einfaldara væri að hreinlega stytta hámark bótatímabils í 7 mánuði og það er það sem þau leggja til. Þetta kæmi ekki að fullu til framkvæmdar fyrr en árið 2020 eftir samþykki á aðalfundi 2019 en við myndum í framhaldinu óska eftir breytingu á Reglugerð sjóðsins á aðalfundi þannig að stjórn geti breytt hámarki bótatímabils hverju sinni fremur en aðalfundur.



Að þessu sögðu er þó ljóst að við verðum nú að taka greiðslu úr Félagssjóði í VR varasjóð en auðvitað gengur það ekki til lengdar þótt það sleppi í eitt og eitt skipti.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til atkvæða ofangreinda tillögu framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR um að stytta bótatímabil sjúkradagpeninga úr að hámarki 9 mánuðum í að hámarki 7 mánuði og að leggja fyrir aðalfund VR 2019 tillögu um breytingu á Reglugerð sjóðsins þar sem heimild til breytinga á lengd bótatímabils sé færð til stjórnar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Áætlun 2019

Stefán lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun VR 2019*“, „*Rekstraráætlun VR 2019 deildarskipt*“ og „*Rekstraráætlun VR 2019 skýringar*“ og fór yfir efni þeirra á slæðum.

Í máli Stefán kom m.a. fram að áætlun væri með sama sniði og undanfarin ár. Hún er hér til kynningar í kvöld en síðan til samþykkis á stjórnarfundi í desember nk. og hægt verður að koma með athugasemdir milli funda.

Helstu tölur eru þær að áætlaðar rekstartekjur árið 2019 eru 4.7 milljarðar króna sem er 12,88% hækkun milli ára. Rekstrargjöld 2019 eru áætluð 4.8 milljarðar króna sem er aukning um 21,32% og áætlaðar hreinar tekjur til ráðstöfunar með fjármagnsliðum eru áætlaðar 197 milljónir króna sem er 67,73% lækkun frá núverandi tímabili.

Stefán fór næst yfir uppbyggingu rekstraráætlunarinnar og helstu forsendur en áætlunin gerir m.a. ráð fyrir 1,5% fjölgun félagsmanna, 2,8% verðbólgu og að launahækkunar verði um 6,15% á árinu 2019.

Loks fór hann yfir helstu atriði í hverjum flokki áætlunarinnar.

Umræður.

5. Reglur VR fyrir fulltrúaráð og uppstillingarnefnd Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE)

Stefán lagði fram skjölin „*Reglur VR um fulltrúaráð Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*“ og „*Reglur uppstillingarnefndar VR um val stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna*“ og fór yfir efni þeirra á slæðum.



Í máli Stefáns kom m.a. fram að tilurð þessa mætti rekja til nefndar stjórnarmanna sem skipuð var í maí 2017 og sem hefur hist á nokkrum vinnufundum. Fór hann fyrst lauslega yfir helstu atriði í tillögum að reglum um fulltrúaráð þar sem kom m.a. fram að ráðið yrði skipað 25 fulltrúum þar sem allir 15 aðalmenn í stjórn VR ættu sæti og síðan myndi trúnaðarráð VR skipa 10 fulltrúa úr sínum hópi.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þessar reglur um fulltrúaráð til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Reglurnar sem samþykktar voru eru eftirfarandi:

Reglur VR um fulltrúaráð Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

1. gr. Tilgangur

Samningur VR við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda frá 23. apríl 2018 og samningur ASÍ við SA frá 24. apríl 2018 kveða á um skipun fulltrúaráðs fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna. Fulltrúaráð skal skipað 50 aðilum og er jöfn skipting milli VR og félaga atvinnurekenda. Fulltrúaráð VR er skipað 25 fulltrúum skv. 3 gr. reglna þessa.

Fulltrúaráð fer með atkvæðisrétt á ársfundi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Fulltrúaráðið hefur eftirlit og aðhald með störfum stjórnar sjóðsins, fjallar um og afgreiðir breytingar á samþykktum sjóðsins, staðfestir fjárfestingarstefnu og starfskjarastefnu sjóðsins og hefur eftirlit með framvindu þeirra.

2. gr. Hlutverk fulltrúaráðs VR

Fulltrúaráð VR er skipað 25 fulltrúum skv. 3 gr. reglna þessa.

Fulltrúaráð VR kys stjórnarmenn í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í samræmi við reglur uppstillinganefndar VR um tilnefningu í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Í Lífeyrissjóði verzlunarmanna skal starfrækt þriggja manna nefnd um laun stjórnarmanna sem leggur fyrir ársfund sjóðsins tillögu um stjórnarlaun. Fulltrúaráð VR skipar einn mann úr sínum hópi í nefndina sem skal valinn á fundi fulltrúaráðs.

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna kallar saman fulltrúaráðið að minnsta kosti tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnað og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingastefnu kynntar. Að auki skal fulltrúaráð VR funda að minnsta kosti einu sinni á ári með stjórnarmönnum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem sitja þar í umboði VR.



Fulltrúaráð VR getur hvenær sem er afturkallað umboð stjórnarmanna VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Tillaga að afturköllun á umboði þarf að koma frá að minnsta kosti fimm fulltrúum VR í fulltrúaráðinu. Boða skal fund fulltrúaráðs VR, í fundarboði skal koma fram að lögð verði fyrir tillaga að afturköllun á umboði stjórnarmanns og skal hún hljóta staðfestingu frá meirihluta fulltrúaráðs VR til að umboð verði afturkallað.

3. gr.

Skipun fulltrúaráðs VR

Fulltrúaráð VR er skipað 25 fulltrúum. Allir 15 aðalmenn í stjórn VR eru í fulltrúaráðinu og trúnaðarráð VR skipar 10 fulltrúa úr sínum hópi. Kjörgengir trúnaðarráðsmenn eru allir trúnaðarráðsmenn sem greiða skyldubundið lífeyrissjóðsiðgjald af aðalstarfi til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Kynjaskipting fulltrúa trúnaðarráðs skal vera jöfn.

Haldinn skal fundur í trúnaðarráði í apríl ár hvert þar sem kosnir eru, með leyningri atkvæðagreiðslu, tíu aðilar í fulltrúaráðið. Auglýsa skal í trúnaðarráði eftir framboðum í fulltrúaráðið einni viku fyrir fund trúnaðarráðs þar sem kosning fer fram.

Kjörtímabil trúnaðarráðsmanna í fulltrúaráðinu er eitt ár eða þangað til kosnir eru nýir fulltrúar.

Ef stjórnarmaður eða trúnaðarráðsmaður hættir í stjórn eða trúnaðarráði missir hann sjálfkrafa sæti sitt í fulltrúaráðinu, eins ef hann hættir að greiða skyldubundið iðgjald af aðalstarfi til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Við fráhrarf trúnaðarráðsmanns í fulltrúaráði skal stjórn skipa nýjan aðila í stað hans í fulltrúaráðið. Skal sú tilnefning gilda fram að næsta fundi trúnaðarráðs þar sem tilnefnt er í fulltrúaráðið, sem haldinn er í apríl ár hvert.

4. gr.

Mæting og umboð

Fulltrúaráðsmenn VR skulu mæta á alla fundi sem boðaðir eru í fulltrúaráðinu. Ef fulltrúi getur ekki mætt skal hann tilkynna það skrifstofu VR eins fljótt og hægt er. Fyrir fulltrúa sem ekki getur mætt er heimilt að gefa öðrum fulltrúaráðsmönnum umboð. Slíkar umboðsveitingar skulu alltaf fara fram í gegnum skrifstofu VR.

5. gr.

Breytingar á reglum

Reglur þessar eru settar af stjórn VR og getur stjórn VR breytt þeim með einföldum meirihluta stjórnar að undangenginni kynningu í trúnaðarráði VR.

Þannig samþykkt af stjórn VR þann 14. nóvember 2018 á stjórnarfundi nr. 1179

Þá næst fór Stefán yfir tillögur að reglum um uppstillinganefnd VR um val á stjórnarmönnum í LIVE. Þar kom m.a. fram að gert er ráð fyrir að uppstillinganefnd skipi fimm aðilar og tveir til vara, skipaðir af stjórn VR til eins árs í senn. Skulu þeir allir vera í fulltrúaráði VR.



Umræður.

Hér óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarmanna til þess að framlengja fundi til kl. 21.

Samþykkt.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreindar tillögur sem Stefán hafði kynnt um reglur uppstillinganefndar VR um val á stjórnarmönnum í Lífeyrissjóð verzlunarmanna.

Samþykkt samhljóða.

6. Tillaga vegna brotastarfsemi á vinnumarkaði

Ragnar Þór sagði frá því að þessi dagskrárliður væri kominn til að frumkvæði Arnórs sem nú sé staddur erlendis en Arnór og Hermann Guðmundsson starfsmaður kjarasviðs VR unnu þessa tillögu. Lagði hann í því samhengi fram skjalið „Tillaga vegna brotastarfsemi á vinnumarkaði“ dags. 12. nóvember 2018 og las það upp.

Umræður.

Í umræðum komu fram tvær athugasemdir sem bætt var við skjalið og var það þannig borið upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Hin samþykta tillaga með áorðnum breytingum er svo hljóðandi:

Tillaga vegna brotastarfsemi á vinnumarkaði

Stjórn VR fordæmir öll brot fyrirtækja og starfsmannaleiga á réttindum erlendra starfsmanna og skorar á stjórnvöld að efla eftirlit og eftirfylgni til að uppræta slíkt.

Að undanfögnu hefur mikil umræða átt sér stað í samfélaginu vegna uppljóstrana um illa meðferð á erlendu vinnuafla á Íslandi. Þar bera hæst vanefndir á launagreiðslum og þá sérstaklega fyrir yfirvinnu. Stéttarfélagunum hafa borist dæmi um að fólk sé látið vinna nánast allan sólarhringinn og þvælt landshornanna á milli. Ekki síður er erlent launafólk haft að féþúfu með því að draga af launum þess ýmsar aukagreiðslur svo sem himinháa húsaleigu, ferðakostnað, bílaleigu, líkamsræktarkort eða annað það sem launagreiðanda dettur í hug. Jafnvel er seilst svo langt að innheimta gjöld fyrir atvinnuleyfi eða aðstoð við öflunar á því. Margt af þessu er ekkert annað en gróf misnotkun á fólki og gæti flokkast undir mansal.

StjórnVR gerir þá kröfu til stjórnvalda að tryggð verði með lögum samvinna



eftirlitsstofnana og lögreglu við vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna og leggur áherslu á að vinna þurfi heildstætt að vinnustaðaeftirliti á landsvísu í góðri samvinnu og samstarfi við ASÍ og stéttarfélögin í landinu.

7. Húsnæðismál – Leigufélag VR

Ragnar Þór sagði frá því að eftir gagnrýni okkar hafi viðbrögð borgaryfirvalda verið góð og lagði hann í því samhengi fram skjalið „*Bréf frá Rvk um vilyrði fyrir lóð*“ dags. 8. nóvember 2018 en þar kemur fram að samþykkt hafi verið í borgarráði að veita VR vilyrði fyrir úthlutun lóðar á reit C1 sem liggur að Skyggisbraut 21 – 23, Gæfutjörn 18 og Silfratúni 1 – 3. Í bréfinu segir einnig að borgarráð fagni samstarfi við nýtt óhagnarðardrifið leigufélag VR.

Ragnar Þór sagðist á hinn bóginn ekki skynja mikinn vilja hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur að tryggja húsnæðisöryggi eða lága leigu. Húsnæðisnefnd VR mun hittast og skoða þetta boð en við þurfum að vinna að því að ná niður byggingarréttargjaldinu.

Umræður.

Fundi slitið kl. 21:00

Árni Leósson, fundarritari